

Aganefnd LH

Mál nr. 2/2007

Aganefnd LH kom saman 31. maí 2007. Í aganefnd eiga sæti Þorvaldur Sigurðsson formaður, Atli Már Ingólfsson og Sæþór Fannberg.

Tekið er fyrir mál nr. 2/2007:

Málið berst frá yfirdómnefnd á íþróttamóti Léttis Akureyri, sem haldið var þann 27. maí 2007 og varðar Örvar Frey Áskellsson keppanda á mótinu.

Tekin er fyrir fyrirbyggjandi skýrsla yfirdómnefndar mótsins.

Yfirdómnefnd skipuðu:

Einar Örn Grant, yfirdómari,

Áslaug Kristjánsdóttir, mótsstjóri

Birgir Árnason, fulltrúi knapa.

Málsatvik:

Örvar Freyr keppti í tölti ungmenna og samkvæmt skýrslu sýndi hann þar mjög ruddalega reiðmennsku þannig að allir dómarmar gáfu honum rauð spjöld á sýningu hans. Yfirdómnefnd vísaði Örvari einnig úr greininni en leyfði honum að klára keppni í fjórgangi á mótinu.

Forsendur fyrir niðurstöðu Aganefndar:

Fyrirliggjandi skýrsla yfirdómnefndar á íþróttamóti Léttis ber með sér að umræddur knapi hafi sýnt af sér mjög ruddalega reiðmennsku. Aganefnd lýtur svo á að brot af því tagi sem hér um ræðir séu alvarleg og að við slíkum brotum verði að vera skýr viðurlög. Þar sem aganefnd er ekki kunnugt um að nefndin hafi haft brot af þessu tagi til meðferðar áður leggur nefndin jafnframt áherslu á að um fordæmisgefandi mál er að ræða. Með vísan til framansagðs og greinar 2.7.4.4. og 2.2.1.1., í lögum og reglum um keppni á vegum LH og með vísan til 5. gr. reglugerðar um Aganefnd LH telur nefndin að úrskurða beri Örvar Frey Áskellsson í eins mánaðar keppnisbann frá upphafsdegi umrædds móts, þ.e. frá 27. maí 2007 að telja.

Niðurstaða aganefndar LH:

Örvar Frey Áskellsson er úrskurðaður í eins mánaðar keppnisbann frá 27. maí 2007.

Aðild að málinu er rétt

Reykjavík 31. maí 2007, f.h. Aganefndar LH,

Þorvaldur Sigurðsson

Atli Már Ingólfsson

Sæþór Fannberg